

Sþ. 306. Tillaga til þingsályktunar

um að gera Bolungavíkurhöfn að öruggu skipalægi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað kosta muni að fullgera svo hafnarmannvirkin í Bolungavík í Hólshreppi, að öruggt sé fyrir skip allt að 1000 smálestir að liggja þar við landfestar. Rannsókn þessi sé gerð með það fyrir augum, að ríkissjóður láti framkvæma verk þetta á sinn kostnað að öllu leyti.

Greinargerð.

25 ár eru liðin síðan byrjað var á hafnargerð í Bolungavík í Hólshreppi. Til hafnarbótanna hefir verið varið hálfri milljón króna, og hefir allt þetta fé farið í eitt einasta mannvirki, brimbrjótinn, sem nú er 152,6 m. á lengd. Þó er hafnarbót þessi ekki fullkomnari en það, að ekki geta þar legið togarar við landfestar, nema logn sé veðurs og ýfulaus sjór.

Af fjárhæð þessari hefir ríkissjóður lagt fram kr. 209935.00. En hreppurinn hefir lagt fram kr. 290065.00.

Stórfelldar misfellur hafa orðið á byggingu brimbrjótsins. Virðist til nýbyggingar hans hafa farið aðeins ca. kr. 140000.00, en til aðgerða og endurbóta um kr. 360000.00. Sýnir þetta ljósar en nokkuð annað, hver fádæma mistök hafa orðið á byggingu þessa mannvirkis.

Ríkið hefir frá öndverðu áskilið sér skilyrðislausan rétt til að hafa á hendi yfirstjórn þessa verks. Verður því að lita svo á, að ríkið beri að langmestu leyti ábyrgð á þeim misfellum, sem orðið hafa. Er það eitt til dæmis um það, hversu til hafnarbóta þessara hefir verið kastað höndunum af hálfu ríkisins, að vikin hefir aldrei verið mæld.

Það eru hin mestu undur, að einn hreppur með um 800 íbúa skuli hafa látið

af mörkum nær 300 þús. kr. í þetta mannvirki. Mundi og hreppsnefnd aldrei hafa komið slíkt til hugar, ef hún hefði ekki verið teygð út í það fet fyrir fet með áætlunum, sem ekki stóðust, og hinum tíðu skemmdum, sem ekki varð komizt hjá að bæta.

Hreppurinn er svo stórskuldugur orðinn vegna þessa mannvirkis, sem verður honum þó að tillölulega litlu gagni, að þess er engin von, að hann geti lagt fram meira fé, né á nokkurn hátt tekið þátt í kostnaði við að fullgera það. Hinsvegar virðist ekki geta til mála komið, að ríkið láti mannvirki, sem kostað hefir hálf milljón króna, grötna niður aftur ófullgert, án þess að verða nokkrum að liði. — Liggur því ekki annað fyrir en að ríkið láti ljúka þessu verki á einhvern þann hátt, er fullnægi þörf þorpsins, og kosti það verk að öllu leyti. Verður og ekki annað sagt en að ríkið sleppi þó vel gagnvart hreppnum, því öllum, sem mál þetta rannsaka, hlýtur að verða ljóst, að ríkið stendur í stórkostlegum óbættum sökum við hreppinn. Munu þess engin dæmi hér á landi, að sveitarfélag hafi verið jafnhart leikið af ríkinu eins og þessi elzta og frægasta verstöð Íslands að fornu og nýju.

Það, sem gerzt hefir, er í stuttu máli þetta: Ríkið ákveður, hvernig mannvirkið skuli vera, og áskilur sér yfirstjórn þess. Síðan koma kostnaðaráætlanir svo háar, að hreppurinn leggur með hálfum huga út í kostnaðinn. En áætlanirnar standast hvergi nærri, og fer verkið stundum 50—100% fram úr áætlun, og hreppurinn verður að teygja sig lengra og lengra. Svo hrynur það, sem gert er, stundum eftir nokkra mánuði, stundum eftir nokkra daga. Aðgerð verður ekki umflúin, og hreppurinn neyðist til að ganga lengra í framlögum en honum er stætt.

Hreppsþúar Hólshrepps hafa í þessu máli sýnt alveg dæmalausa þrautseigju og þolinmæði gagnvart ríkinu. En eins og áður segir, hafa þeir sumpart ekki átt þess kost að snúa aftur og sumpart hefir barátta þeirra verið háð vegna vissunnar um það, að framtíð sveitarfélagsins veltur að langmestu leyti á því, hvernig hafnarmálið leysist. Allt ber því að þeim sama brunni, að ríkið verður að ljúka verkinu á sinn kostnað. Og verður þá að byrja á því, sem gera átti fyrir 25 árum: Að rannsaka hafnarskilyrðin og leggja grundvöll að verkinu með fullkomnum áætlunum.

Fylgiskjal I.

Brimbrjóturinn í Bolungavík.

Skrá yfir framkvæmdir á árunum 1911—1936.

1911	Garðurinn lagður 31 m. frá landi. Kostnaður: 10490.00 kr.
1914	Framlenging: 29 m. Kostnaður: 31070.75 kr.
1915	Framlenging: 20,0 m. Kostnaður ca. 15500.00 kr.
1916	Endurbætur. Kostnaður ca. 12500.00 kr.
1918	Endurbætur. Kostnaður: 5899.16 kr.
1919	Endurbætur. Kostnaður: 27860.89 kr.
1922	Endurbætur og 10 m. framlenging. Kostnaður: 59905.29 kr.
1923	Endurbætur. Kostnaður: 21463.22 kr.
1926	Endurbætur. Kostnaður: 12657.92 kr.
1927	Steinnökkvinn lagður í framhaldi brjótsins. Framlenging: 57,0 m. Kostnaður: 42564.22 kr.
1928	Endurbætur. Kostnaður: 1990.57 kr.
1929	Endurbætur. Kostnaður 18031.52 kr.
1930	Endurbætur. Kostnaður: 7303.41 kr.
1932	Endurbætur. Kostnaður: 6527.18 kr.
1934	Endurbætur. Kostnaður: 29966.95 kr.
1935	Endurbætur og framlenging 5,6 m. Kostnaður: 124014.59 kr.
1936	Endurbætur. Kostnaður: ca. 72000 kr.

Reykjavík, 9. apríl 1937.

Th. Krabbe.

Fylgiskjal II.

Greiðslur ríkissjóðs vegna brimbrjótsins í Bolungavík 1910—1936.

1910 Greitt	1000.00
1912	1000.00
1914	10000.00
1915	10000.00
1916	14516.08
1918	5899.16
1919	27860.89
1922	10000.00
1923	20000.00
1926	16000.00
1927	5000.00
1928	17500.00
1929	13757.48
1931	3651.70
1932	3750.00
1934	20000.00
1936	30000.00

Samtals kr. 209935.31

Allur kostnaður við mannvirkið er við árslok 1936 um 500000 kr. Þar af hefir ríkissjóður greitt 209935.31 kr., en um 290000 kr. hafa verið lagðar fram annarsstaðar frá, þar með eru taldir ógreiddir reikningar frá 1935 og 1936, um 15000.00 kr.

Reykjavík, 9. apríl 1937.

Th. Krabbe.

Fylgiskjal III.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 10. apríl 1937.

Herra alþingismaður Sigurður Kristjánsson.

Samkvæmt ósk yðar, herra alþingismaður, sendi ég yður hér með yfirlit yfir kostnaðinn við brimbrjótinn í Bolungavík á árunum 1910—1936, svo og skrá yfir greiðslur ríkissjóðs við þetta mannvirki á sama árabili.

Eins og yfirlitin bera með sér, hefir kostnaðurinn allur orðið fram til síðustu áramóta um 500000 kr., og hafa þar af verið greiddar úr ríkissjóði kr. 209935.31, en þess ber að gæta, að á fjárlögum 1937 eru veittar 30000 kr. til verksins, og fjárlagafrumvarpið 1938 gerir ráð fyrir 10000 kr. lokafjárveitingu. Sé það meðtalið, verður tillag ríkissjóðs alls kr. 249935.31, sem er sem allra næst hálfur byggingarkostnaður.

Úr því að tíðrætt hefir verið um það, hve mannvirki þetta hefir orðið dýrt, og vitamálastjórninni kennt um það, vil ég benda á, að það, sem aðallega veldur því, að verkið hefir orðið svo kostnaðarsamt, er, að í upphafi skorti tæki til vinnunnar, en sérstaklega hin mikla yfirsjón, sem hreppsnefndin gerði 1927 með því að sökkva steinnökkvanum í framhaldi brjótsins án þess að styrkja hann á neinn hátt áður. Var það gert þvert á móti ráðum og tillögum skrifstofunnar og þrátt fyrir mótmæli hennar. Kostnaðurinn við það varð 1927 kr. 42564.22, en þar við hættust síðan 1935—1936, þegar nökkvinn, eins og fyrirsjáanlegt var, var að leysast upp, um 150000 kr. til þess að bjarga höfninni frá óbætanlegum skemmdum. Er því óhætt að telja, að þetta hafi hleypt kostnaðinum fram að óþörfu um ca. 100000 kr.

Um mannvirkið sjálft vil ég segja það, að ekki sé annað sjáanlegt heldur en að það sé nú fulltraust og í góðu standi. En enginn vafi er á því, að mikil þörf er á að stækka höfnina með því að framlengja garðinn og skipuleggja allt hafnarsvæðið, svo að þar myndist veruleg höfn fyrir allskonar útgerð. — Fyrsta sporið er vitanlega að gera fullkomna mælingu á höfninni og þar til heyrandi hottrannsóknir. En ég er ekki í neinum vafa um, að í Bolungavík séu teknisk góð skilyrði fyrir þýðingarmikla útgerðarhöfn.

Th. Krabbe.